

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 75**

24. árgangur

23.11.2017

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	4. Tilkynningar	
2017/EES/75/01	Breyting á tilkynningu um upphaf gjaldþrotaskipta að því er varðar eignir GABLE INSURANCE AG, skráningarnúmer FL-0002.161.375-6 .....	1
	<b>III ESB-STOFNANIR</b>	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/75/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8425 – Safran/Zodiac) .....	2
2017/EES/75/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8478 – Zukunft Ventures/ Gustav Magenwirth/Brake Force One/Unicorn Energy/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	3
2017/EES/75/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8583 – Lufthansa Technik/ Pepperl+Fuchs/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	4
2017/EES/75/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8612 – CZ/DT/Carl Zeiss Smart Optics) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	5
2017/EES/75/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8675 – CVC/Teva's Women's Health Business) .....	6
2017/EES/75/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8681 – Endowment Strategies/ Benvic Europe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	7
2017/EES/75/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8685 – Foncière des Régions/ Marriott International/Le Méridien Hotel Nice) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	8

<b>2017/EES/75/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8700 – Engie/Omnes Capital/Prédica Prévoyance/Target) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	9
<b>2017/EES/75/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8708 – Société Générale/BNP Paribas/Powerhouse France) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	10
<b>2017/EES/75/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8711 – Macquarie/Oiltanking/Oiltanking Odfjell Terminal Singapore) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	11
<b>2017/EES/75/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8722 – Omers/Thames Water) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	12
<b>2017/EES/75/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8727 – CGE/EDPR/Trustwind/DGE/Repsol/Windplus) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	13
<b>2017/EES/75/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8102 – Valeo/FTE Group) .....	14
<b>2017/EES/75/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8414 – DNB/Nordea/Luminor Group) .....	14
<b>2017/EES/75/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8440 – DuPont/FMC (Health and Nutrition Business)) .....	15
<b>2017/EES/75/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8634 – ATP/OTPP/Copenhagen Airports) .....	15
<b>2017/EES/75/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8636 – Abellio/Mitsui/EJR/West Midlands Passenger Rail Franchise) .....	16
<b>2017/EES/75/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8671 – BP/Bridas/Axion) .....	16
<b>2017/EES/75/20</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. desember 2017 .....	17

# EFTA-STOFNANIR

## TILKYNNINGAR

**Breyting á tilkynningu um upphaf gjaldþrotaskipta að því er varðar eignir  
GABLE INSURANCE AG, skráningarnúmer FL-0002.161.375-6**

2017/EES/75/01

Hinn 25. ágúst 2017 kvað dómstóll Furstadæmisins Liechtenstein (*Fürstliches Landgericht*) í Vaduz, Liechtenstein, upp úrskurð um breytingu á tilkynningu um upphaf gjaldþrotaskipta að því er varðar eignir Gable Insurance AG, skráningarnúmer FL-0002.161.375-6 (*Stjttíð. ESB C 42, 9.2.2017, bls. 5*, og EES-viðbætur nr. 9/2017, 9.2.2017, bls. 3).

Upphaflegu tilkynningunni um úrskurðinn sem kveðinn var upp 17. nóvember 2016 er breytt sem hér segir í liðum 3 og 4 (breytingar eru undirstrikaðar)

„3) Skorað er á alla kröfuhafa félagsins Gable Insurance AG að lýsa kröfum sínum, með vísan til lagagrundvallar og kröfuflokks (kröfur í þrotabú, flokkar 1–4), fyrir skiptastjóra eigi síðar en 1. september 2018, ásamt upphæð kröfu að meðtöldum vöxtum og gögnum til stuðnings kröfunum.

Kröfuhafar, sem lýsa kröfum sínum eftir þennan dag, verða að taka á sig hvers kyns viðbótarkostnað sem af því kann að hljóttast og geta ekki lengur andmælt áður samþykktum kröfum.

4) Þinghald til umfjöllunar um lýstar kröfur verður háð í dómstól Furstadæmisins, Spaniagasse 1, 9490 Vaduz, dómsal 6, miðvikudaginn 12. desember 2018, kl. 9.00.

Skorað er á alla kröfuhafa að mæta til þinghalds með gögn sem stutt geta kröfur þeirra, hafi slík gögn ekki fylgt kröfulýsingu.“

Sá dómstóll sem hefur lögsögu að því er varðar gjaldþrotaskiptin er dómstóll Furstadæmisins Liechtenstein (*Fürstliche Landgericht, Abteilung 05, Spaniagasse 1, 9490 Vaduz/Liechtenstein*). Tilvísunarnúmer gjaldþrotaskiptanna er 05 KO.2016.672.

Skiptastjóri samkvæmt 4. gr. laga um gjaldþrotaskipti, 4 KO (*Konkursordnung*) er Batliner Wanger Batliner Rechtsanwälte AG (Am Schrägen Weg 2, 9490 Vaduz). Öll samskipti við skiptastjórann eiga að fara fram í gegnum netfangið [gable@bwb.li](mailto:gable@bwb.li)

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2017/EES/75/02

(mál M.8425 – Safran/Zodiac)

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Safran S.A. (Frakklandi).
- Zodiac Aerospace S.A. (Frakklandi).

Safran nær fullum yfirræðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Zodiac.

Samruninn á sér stað í gegnum yfirtökuboð sem tilkynnt var 24. maí 2017.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Safran S.A.: loftför (hreyflar og búnaður), flugvélabúnaður og varnir.
- Zodiac Aerospace S.A.: búnaður fyrir loftför og kerfi um borð fyrir flugvélar og þyrlur í farþegaflutningum, svæðisbundnum flutningum og viðskiptaferðum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 396, 23.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8425 – Safran/Zodiac

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2017/EES/75/03****(mál M.8478 – Zukunft Ventures/Gustav Magenwirth/Brake Force One/  
Unicorn Energy/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar í samræmi við 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Zukunft Ventures GmbH („ZV“, Þýskalandi), undir yfirráðum ZF Friedrichshafen AG („ZF“, Þýskalandi).
- Gustav Magenwirth GmbH & Co. KG („Magura“, Þýskalandi), undir yfirráðum Magenwirth Technologies GmbH (Þýskalandi).
- Brake Force One GmbH („BFO“, Þýskalandi).
- Unicorn Energy GmbH („Unicorn“, Þýskalandi), undir yfirráðum Preiß Beteiligungs GmbH (Þýskalandi).
- Nýstofnað sameiginlegt fyrirtæki („JV“, Þýskalandi).

ZV, Magura, BFO og Unicorn ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hinu sameiginlega félagi.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ZV: á hagsmuni í nýsköpunarsprotafyrirtækjum og tæknifyrirtækjum með starfsemi á sviðum sem varða ZF. ZF er með starfsemi víða um heim sem varðar drif- og girtækni, auk virkrar og óvirkar öryggistækni.
- Magura: þróar, framleiðir og selur vökvaknúin bremsukerfi og aðra hátæknihluti fyrir hjól, rafmagnshjól, fótstigin rafhjól og mótórhjól.
- BFO: starfar við þróun hemlunarkerfa fyrir tveggja hjóla ökutæki. Einnig þróar það rafmagnshjól fyrir bílaframleiðendur í Þýskalandi.
- Unicorn: starfar við þróun drifkerfa fyrir rafknúin létt ökutæki.
- JV: sameiginlegt félag mun stunda starfsemi á sviði rannsókna, þróunar, framleiðslu og afgreiðslu ABS og drifkerfa fyrir létt rafknúin ökutæki, m.a. þann hluta farartækjageirans sem fellur undir nýja gerð samgöngutækja í borgum (reiðhjól, rafmagnshjól, fótstigin rafhjól, létt rafknúin bifhjól, samgöngutæki síðasta spölinn, upp í flokk L7e).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 393, 21.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8478 – Zukunft Ventures/Gustav Magenwirth/Brake Force One/Unicorn Energy/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.8583 – Lufthansa Technik/Pepperl+Fuchs/JV)**

2017/EES/75/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Lufthansa Technik AG („Lufthansa Technik“, Þýskalandi), sem er undir yfirráðum Deutsche Lufthansa AG (Þýskalandi).
- Pepperl+Fuchs AG („Pepperl+Fuchs“, Þýskalandi).
- JV, nýstofnað sameiginlegt fyrirtæki (Þýskalandi).

Lufthansa Technik og Pepperl+Fuchs ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu félagi.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Lufthansa Technik: veiting viðhalds-, viðgerðar- og grannskoðunarþjónustu í flugiðnaði um heim allan.
- Pepperl+Fuchs: þróun, framleiðsla og sala á rafsprennivarnar- og skynjaratæknibúnaði fyrir lausnir og kerfi fyrir sjálfvirkjun ferla í ýmsum iðnaðargeirum.
- JV: rannsóknir, þróun og sala á skynjarabyggðum sjálfvirkjunarlausnum í viðhaldsþjónustu loftfara, einkum vegna hreyfla og íhluta.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 396, 23.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8583 – Lufthansa Technik/Pepperl+Fuchs/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.8612 – CZ/DT/Carl Zeiss Smart Optics)**

2017/EES/75/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Carl-Zeiss-Stiftung (Þýskalandi).
- Carl Zeiss AG (Þýskalandi), sem er undir yfirráðum Carl-Zeiss-Stiftung.
- Deutsche Telekom AG (Þýskalandi).
- Carl Zeiss Smart Optics, Inc. (BNA), sem er undir yfirráðum Carl Zeiss AG og Deutsche Telekom AG.

Carl Zeiss AG og Deutsche Telekom AG ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Carl Zeiss Smart Optics, Inc.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Carl-Zeiss-Stiftung: Carl-Zeiss-Stiftung stýrir Carl Zeiss AG og Schott AG. Carl Zeiss AG er tæknifyrirtæki á sviði ljósfræði og ljósrafeindafræði. Schott AG er tæknisamstæða á sviði sérnotaglers og keramikglers.
- Deutsche Telekom: Deutsche Telekom AG er fjarskipta- og upplýsingatækniveitandi sem starfar í yfir 50 löndum um heim allan. Fyrirtækið selur vörur og þjónustu á sviði fastlínu- og farsímaþjónustu, þjónustu í tengslum við fastlínuþreiddbandsþjónustu, netþjónustu, sjónvarpsþjónustu og upplýsinga- og fjarskiptatækni. Einnig veitir það fjarskiptaþjónustu í heildsölu til annarra fjarskipta-fyrirtækja og netþjónustuveitenda.
- Carl Zeiss Smart Optics: markmið Carl Zeiss Smart Optics, Inc. er að þróa og markaðssetja kerfi fyrir snjallgleraugu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 393, 21.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8612 – CZ/DT/Carl Zeiss Smart Optics

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Faxnr. +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.8675 – CVC/Teva's Women's Health Business)**

2017/EES/75/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. („CVC“, Lúxemborg).
- International Women's Health Business of Teva Pharmaceutical Industries Ltd. („Target Business“, Ísrael).

CVC nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi kaupanna, Target Business.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CVC: ráðgjöf til fjárfestingarsjóða og stjórnari fjárfestingarsjóða og fjárfestingarvettvangs af ýmsu tagi.
  - Target Business: framleiðsla og sala um heim allan á lyfjavörum sem varða heilsu kvenna, að undanskildum Bandaríkjunum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB (C 396, 23.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8675 – CVC/Teva's Women's Health Business

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.8681 – Endowment Strategies/Benvic Europe)**

2017/EES/75/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Endowment Strategies S.a.r.l. („Endowment Strategies“, Lúxemborg), sem er hluti af Investindustrial Group („Investindustrial“, Lúxemborg).
- Benvic Europe, fyrirtæki í Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Spáni („Benvic Europe“).

Endowment nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir sérhverju Benvic Europe fyrirtæki sem getið er hér að ofan.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Endowment Strategies: fyrirtæki staðsett í Lúxemborg með margar sjóðsdeildir, sem er undir yfirráðum Investindustrial.
- Investindustrial: fjárfestingarsamstæða sem leggur áherslu á ráðandi hluti í litlum og meðalstórum fyrirtækjum í ýmsum iðnaðargeirum.
- Benvic Europe: fyrirtæki sem einkum eru með starfsemi í tengslum við PVC-sambönd, við þróun, framleiðslu og sölu á forblönduðum/þurrum efnum, sambönd og blendi í Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Spáni, hverju um sig.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 391, 18.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8681 – Endowment Strategies/Benvic Europe

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.8685 – Foncière des Régions/Marriott International/  
Le Méridien Hotel Nice)**

2017/EES/75/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Foncière des Régions („FDR“, Frakklandi).
- Starwood Hotels & Resorts Worldwide, LLC („Starwood“, BNA).
- Le Méridien Hotel í Nice („Le Méridien Nice“, Frakklandi).

FDR nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Le Meridien Nice SAS, sem fer með eignarhald eigna Le Méridien Nice.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

Með því að ná fullum yfirráðum yfir Le Meridien Nice mun FDR einnig ná óbeinum yfirráðum yfir Le Méridien Nice ásamt Starwood, sem er dótturfyrirtæki Marriott International, Inc., sem óbeint fer með stjórnun Le Méridien Nice á grundvelli umsýslusamnings.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- FDR: Franskt fjárfestingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í fasteignum og er með eignasafn sem aðallega samanstendur af skrifstofuhúsnæði, auk íbúðarhúsnæðis og hótela.
- Starwood: dótturfyrirtæki alfarið í eigu Marriott. Marriott er fjölþætt fyrirtæki á sviði gistireksturs og hefur umsýslu með og veitir rekstrarleyfi fyrir hótél og skiptileigugeignir. Í árslok 2016 starfrækti Marriott og veitti rekstrarleyfi fyrir 6.080 eignir um heim allan.
- Le Méridien Nice: 4-stjörnu hótél í Nice.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 393, 21.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8685 – Foncière des Régions/Marriott International/Le Méridien Hotel in Nice

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2017/EES/75/09****(mál M.8700 – Engie/Omnes Capital/Prédica Prévoyance/Target)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Engie („Engie“, Frakklandi).
- Omnes Capital („Omnes Capital“, Frakklandi).
- Prédica Prévoyance Dialogue du Crédit Agricole („Predica“, Frakklandi), undir yfirráðum Crédit Agricole SA, sem aftur er undir yfirráðum 39 svæðisbundinna banka.
- Target (andlag viðskiptanna), (11 ljósspennuorkuver, 32 vindbú, „Target“ Frakklandi) sem er undir yfirráðum La Compagnie du Vent, sem aftur er undir yfirráðum Engie.

Engie, Omnes Capital og Predica ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna, Target.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Engie: öll virðisbættan á sviði gass, raforku og orkuþjónustu.
- Omnes Capital: sjálfstætt eignastýringarfyrirtæki með starfsemi í nokkrum útibúum sem annast óskráðar eignir, einkum í geiranum fyrir endurnýjanlega orku.
- Prédica: starfsemi í tryggingageiranum. Prédica er hluti af GCA sem veitir margvíslega banka- og tryggingaþjónustu.
- Target: 11 ljósspennuorkuver og 32 vindbú sem framleiða rafmagn í Frakklandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 396, 23.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8700 – Engie/Omnes Capital/Prédica Prévoyance/Target

